

Starfshópur um stíga í upplandi Hafnarfjarðar

Fundur 7.

Fundurinn var staðfundur haldinn á Norðurhelli, miðvikudaginn 8. sept 2021 kl. 15:00.

Mættir:

Helga Ingólfssdóttir, formaður
Anna Karen Svövdóttir
Jón Atli Magnússon
Stefán Már Gunnlaugsson
Sigurður Pétur Sigmundsson

Frá umhverfis- og skipulagssviði
Helga Stefánsdóttir
Berglind Guðmundsdóttir

Fundarefni:

Kynnt var kostnaðarmat tillagna starfshópsins frá 6. fundi starfshópsins dags. 25. maí 2021.

Lögð er áhersla á byrjað verði sem fyrst að undirbúa að klára Kaldárselsstíginn upp að Helgafelli.

Huga þarf að því að fara í undirbúning að tengingum við Gráhelluhraun en huga þarf vel að hönnuninni. Stígur frá Völlunum að Hvaleyrarvatni þarf að fara í skoðun hjá skipulaginu. Stígur við Hvaleyrarvatn fari inn í vinnu í tengslum við deiliskipulagið.

Rætt um að nýta sér hönnun *Vegrúnar* varðandi merkingar í upplandinu.

Fundað verður með skógræktinni og Sörla á milli funda.

Rit /HS